

Þriðjudaginn 24. nóvember 1964.

Nr. 180/1964. **Teppi h/f**

gegn

Guðna Helgasyni og gagnsök.

Dóminr. skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaleiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðalkærandi, Teppi h/f, hefur með kæru 20. október þ. á. skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag í máli gagnkærandar gegn aðalkærandar. Barst Hæstarétti kæran 3. þ. m. Krefst aðalkærandi þess, að úrskurður bæjarþingsins verði felldur úr gildi og að gagnkærandar verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Gagnkærandi, Guðni Helgason, hefur skotið greindum úrskurði til Hæstaréttar með gagnkæru, dags. 26. október þ. á. Krefst hann staðfestingar á úrskurðinum og að honum veði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi aðalkærandar.

Hvorki er í lögum nr. 85/1936 né í öðrum réttarfyrirmælum gert að skilyrði fyrir framkvæmd vitnaleiðslu af hálfu annars málsaðilja, að gagnaðilja hans hafi verið tilkynnt með tilteknum fyrirvara nöfn vitna þeirra, sem fyrir dóm eiga að koma. En þegar vitni er komið fyrir dóm, metur dómari samkvæmt 133. gr. laga nr. 85/1936 þau atriði, sem vitnaleiðslu varða, þar á meðal hvort fresta skuli vitnaleiðslu eftir kröfu vitnastefnda, er hann telur sig, eins og málið horfir við, vanbúinn að taka afstöðu til spurninga vitnastefnanda til vitnis eða til að bera fram gagnspurningar. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1964.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Guðni Helgason rafvirkjameistari, Stigahlíð 4 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. júní 1963, gegn Sigurði Árnasyni, Suðurgötu 35 í Reykjavík, fyrir hönd Teppi h/f til riftunar kaupum á Wilton-gólfteppi ásamt filti, er stefnandi hafi keypt hjá Teppi h/f hinn 10. desember 1962, endurgreiðslu kaupverðsins og kostnaðar við niðursetningu, kr. 15.564.75, svo og greiðslu skaðabóta vegna kaupanna, kr. 10.000.00, ásamt 8% ársvöxtum af nefndum fjárhæðum frá 10. desember 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málsatvikum er lýst þannig í stefnu, að stefnandi hafi hinn 10. desember 1962 keypt af stefnda Wilton-gólfteppi á stofu í íbúð hans að Stigahlíð 4. Kaupverðið ásamt filti hafi verið kr. 14.891.84, en kostnaður við niðursetningu kr. 672.91. Strax eftir að teppið hafi verið komið á stofuna, hafi farið að bera á sterkri lykt í stofunni, og einnig hafi fallið á silfurmunni, er í stofunni voru, þannig að þeir urðu blásvartir á nokkrum dögum. Lykt þessi hafi síðan haldizt, og hafi tilgangslaust reynzt að fægja silfurmunni, þar eð jafnóðum hafi á þá fallið. Kveðst stefnandi hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að fá stefnda til að taka teppið aftur og endurgreiða kaupverðið, en árangurslaust.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Við þingfestingu málsins hinn 27. júní 1963 lagði stefnandi fram auk stefnu greinargerð, reikning, aðiljaskýrslu og afrit af bréfi lögmanns stefnanda til stefnda. Eftir það fékk stefndi frest til greinargerðar og lagði hana fram í þinghaldi hinn 24. október s. á. Eftir það hefur málinu sameiginlega af lögmonnum aðillja verið frestað til öflunar gagna. Með bréfi lögmanns stefnanda til bæjarþingsins, dags. 17. september 1963, óskaði hann þess, að fram yrðu látnar fara aðiljayfirheyrsla og vitnaleiðsla.

Ákvað dómarinn tíma til þess þinghalds hinn 11. deesember 1963, en af því þinghaldi varð ekki vegna forfalla. Næst var þinghald ákveðið í sama skyni 22. janúar 1964 og aftur 15. apríl

s. á., en í hvorugt skiptið varð af þinghaldi af sömu ástæðu. Aðilja- og vitnayfirheyrsla fór síðan fram hinn 25. júní s. á. að viðstöddum lögmönnum aðilja. Dómarinn ákvað síðan vitnaleiðslu í dag kl. 1000, og tilkynnti hann lögmanni stefnanda þá ákvörðun með um 5 daga fyrirvara.

Í upphafi þeirrar vitnaleiðslu voru mætt 3 vitni að fyrirlagi lögmanns stefnanda. Kom fyrst fyrir dóminn vitnið Sigurður Ingimundarson. Er næsta vitni skyldi fyrir koma, mótmælti lögmaður stefnda því, að frekari vitnaleiðslu yrði fram haldið. Færði hann þau rök fyrir þeim mótmælum, að er lögmaður stefnanda hafi tilkynnt honum um vitnaleiðsluna hinn 16. þ. m., hafi hann óskað eftir því við lögmanninn að fá vitneskju um það, áður en vitnaleiðslan færi fram, hver vitni yrðu leidd. Þetta hafi lögmaður stefnanda ekki gert, að undanteknu vitni því, er fyrst kom fyrir dóminn í dag. Af þessum sökum mótmælti hann framgangi frekari yfirheyrslu, þar sem hann hefði eigi getað búið sig undir hana gagnvart þeim vitnum, sem leidd yrðu.

Lögmaður stefnanda krafðist framgangs vitnaleiðslunnar, og var málið tekið til úrskurðar um það atriði.

Það er viðtekinn háttur þessa embættis, að er fyrir liggur beiðni annars hvors lögmanns aðilja um aðilja- og vitnaleiðslur, ákveður dómarinn fyrirtöku málsins að því leyti með tilkynningu til beiðanda, sem þá að beiðni dómarans tilkynnir lögmanni gagnaðilja um fyrirtökuna. Þessi háttur hefur og verið hafður, að því er þetta mál varðar. Gagnasöfnun í máli þessu hefur staðið í tæpt ár, og á þeim tíma hafa farið fram aðilja- og vitnaleiðslur. Má lögmönnum aðilja því vera fullljóst efni málsins og hverjum atriðum er þörf upplýsinga.

Fyrirtaka máls þessa var ákveðin með venjulegum fyrirvara, og var báðum lögmönnum um það kunnugt. Er ekkert því til hindrunar, að leidd verði vitni, sem skýrslur kunna að gefa um efni málsins. Verður krafa lögmanns stefnda því eigi til greina tekin og vitnaleiðslum fram haldið.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Úrskurðarorð:

Framangreindri vitnaleiðslu í máli þessu skal fram haldið nú.